

Alþingi  
Erindi nr. P 143/1889  
komudagur 12.6.2014

Skrifstofa Alþingis  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík 6. júní 2014


**Umsögn Bandalags íslenskra skáta (BÍS) og KFUM og KFUK um 487. þingsmál (á þingskjal  
847), á 143. löggjafarþingi, þingsályktunartillögu um endurskoðun á  
virðisaukaskattsumhverfi íþróttahreyfingarinnar.**

BÍS og KFUM og KFUK telja fyllilega tímabært að gera breytingar á skattaumhverfi frjálsra félagasamtaka, enda búa íslensk félagasamtök við óhagstæðari skattareglur en félagasamtök í helstu nágrannalöndum. BÍS og KFUM og KFUK telja þó að ekki eigi að gera breytingar sem ívilna þröngum hópi félagasamtaka, þ.e. íþróttahreyfingunni, heldur eigi að láta breytingar ganga jafnt yfir öll félagasamtök sem vinna að almannaheill.

Á vegum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins er nú unnið að frumvarpi til laga um félagasamtök til almannaheilla. Við teljum eðlilegt að jafnhliða lögfestingu slíks frumvarps verði skattareglur rýmkaðar fyrir öli félagasamtök sem undir væntanleg lög falla. M.a. verði félagasamtökum veittar undanþágur frá greiðslu virðisaukaskatts af aðföngum.


Virðingarfyllt,

f.h. Bandalags íslenskra skáta,

  
Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri



f.h. KFUM og KFUK á Íslandi

  
Gyða Karlsdóttir, framkvæmdastjóri

KFUM & KFUK  
Holtavegi 28, 104 Rvk.  
Kt. 690169-0889